

# ÞJÓÐMÁLAKÖNNUN

## UNNIÐ FYRIR MATVÆLASTOFNUN

Október 2013



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

---

Unnið fyrir	Matvælastofnun (MAST)
Markmið	Að kanna traust almennings til MAST
Dagsetning	7. nóvember 2013
Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Andrea G. Dofradóttir Björn Rafn Gunnarsson Vala Jónsdóttir
Hreinsun og úrvinnsla	Björn Rafn Gunnarsson
Skýrslugerð	Björn Rafn Gunnarsson

---

---

Inngangur .....	3
Framkvæmd og heimtur .....	4
Úrvinnsla .....	5
Bakgrunnsupplýsingar .....	6
Niðurstöður .....	10

Í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands er spurt um ýmis samfélagsleg málefni og það sem efst er á baugi hverju sinni. Í október 2013 voru þátttakendur meðal annars beðnir um að svara spurningu um traust til Matvælastofnunar (MAST). Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum þeirrar spurningar. Svörin eru einnig borin saman við niðurstöður sambærilegrar spurningar frá árinu 2011.

Könnunin náði til 1511 meðlima í netpanel Félagsvísindastofnunar HÍ. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans. Meðal annars er þess gætt að dreifing kyns, aldurs, búsetu, menntunar og tekna sé sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum.

Tekið var 1511 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til þess að það endurspeglaði sem best samsetningu landsmanna. Gagnaöflun hófst 3. október 2013 og lauk 16. október 2013. Alls svöruðu 979 og er svarhlutfall 65% (sjá töflu 1).

**Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar**

Framkvæmdamáti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	03.10.13-16.10.13
Fjöldi í úrtaki	1511
Fjöldi svarenda	979
Brottfall	1
Svarhlutfall - brúttó	65%
Svarhlutfall - nettó	65%

Í töflu 2 má sjá dreifingu meðal svarenda og í þýði eftir kyni, aldri og búsetu. Eins og sjá má er munur á aldursdreifingu svarenda könnunarinnar og Íslendinga almennt, en svörun var lakari í yngsta aldurshópnum en búist var við. Gögnin voru því vigtuð eftir kyni, aldri, búsetu og menntun til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði.

**Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri og búsetu svarenda og þýðis**

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall í þýði
<b>Kyn</b>				
Karl	493	50,4%	120.654	49,8%
Kona	486	49,6%	121.445	50,2%
<b>Aldur***</b>				
18-25 ára	103	10,5%	38.353	15,8%
26-35 ára	171	17,5%	44.897	18,5%
36-45 ára	176	18,0%	41.827	17,3%
46-55 ára	198	20,2%	43.181	17,8%
56-65 ára	169	17,3%	35.112	14,5%
66-75 ára	105	10,7%	21.096	8,7%
76 ára og eldri	57	5,8%	17.633	7,3%
<b>Búseta</b>				
Höfuðborgarsvæði	627	64,0%	155.488	64,2%
Landsbyggð	352	36,0%	86.611	35,8%

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; \* $p < 0.05$ , \*\* $p < 0.01$ , \*\*\* $p < 0.001$

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja spurningu. Í töflum skýrslunnar eru hlutfallstölur reiknaðar út frá vigtuðum niðurstöðum og aðeins eru birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnspáttunum kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, menntun, stöðu á vinnumarkaði, starfsstétt, einstaklingstekjum, stjórn mála-skoðun og hvort börn séu á heimilinu. Sums staðar sýna súlurnar í töflunum samlagningu tveggja hlutfalla sem birtast í töflunni. Í þeim tilvikum getur það gerst að hlutfallið við súlurnar sé ekki nákvæmlega það sama og það hlutfall sem fæst þegar hlutföllin í töflunni eru lögð saman. Ástæða þessa er að í töflunum er námundað að næsta aukastaf.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ( $p < 0,05$ ). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar meðal Íslendinga í október 2013. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ( $p < 0,01$ ) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ( $p < 0,001$ ). Reynist marktektarpróf ógilt vegna fámennis í hópum er skammstöfunin óg notuð. Í þeim tilvikum voru flokkar sameinaðir og marktekt reiknuð aftur. Þegar marktekt kom fram eftir þessa fækkun flokka, er niðurstaðan birt í sviga á eftir niðurstöðu fyrra marktektarprófsins. Ómarktækt samband í þeim tilvikum er táknað með (-).

**Tafla 1. Kyn**

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall	
	fyrrir vigtun	eftir vigtun			Hlutfall	
Karl	493	477	49%	3,1%		49%
Kona	486	500	51%	3,1%		51%
<b>Alls</b>	<b>979</b>	<b>977</b>	<b>100%</b>			

**Tafla 2. Aldur**

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall	
	fyrrir vigtun	eftir vigtun			Hlutfall	
18-29 ára	149	193	20%	2,5%		20%
30-44 ára	286	293	30%	2,9%		30%
45-59 ára	289	253	26%	2,7%		26%
60 ára og eldri	255	237	24%	2,7%		24%
<b>Alls</b>	<b>979</b>	<b>977</b>	<b>100%</b>			

**Tafla 3. Búseta**

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall	
	fyrrir vigtun	eftir vigtun			Hlutfall	
Höfuðborgarsvæði	627	628	64%	3,0%		64%
Landsbyggð	352	348	36%	3,0%		36%
<b>Alls</b>	<b>979</b>	<b>977</b>	<b>100%</b>			

**Tafla 4. Hver er hjúskaparstaða þín?**

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall	
	fyrrir vigtun	eftir vigtun			Hlutfall	
Í hjónabandi/í staðfestri samvist	548	494	52%	3,2%		52%
Í sambúð	187	202	21%	2,6%		21%
Einhleyp(ur)	123	153	16%	2,4%		16%
Fráskilin(n)/skilin(n) að borði og sæng	58	56	6%	1,5%		6%
Ekkja/ekkill	26	37	4%	1,2%		4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>942</b>	<b>941</b>	<b>100%</b>			
Svarar ekki	37	36				
<b>Alls</b>	<b>979</b>	<b>977</b>				

Í greiningu niðurstaðna er hjúskaparstöðu skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Ekkja/ekkill* og *Fráskilin(n)/skilin að borði og sæng* eru sameinaðir.

**Tafla 5. Búa börn, 17 ára eða yngri, á heimili þínu?**

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrrir vigtun	eftir vigtun			
Engin börn á heimilinu	524	525	55%	3,2%	55%
Börn á heimilinu	427	424	45%	3,2%	45%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>951</b>	<b>950</b>	<b>100%</b>		
Svarar ekki	28	27			
<b>Alls</b>	<b>979</b>	<b>977</b>			

**Tafla 6. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?**

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrrir vigtun	eftir vigtun			
Grunnskólanám eða minna	138	273	29%	2,9%	29%
Starfsnám	65	59	6%	1,5%	6%
Iðnnám - verklegt nám á framhaldsskólastigi	152	144	15%	2,3%	15%
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	166	175	19%	2,5%	19%
Nám í sérskóla á háskólastigi	44	29	3%	1,1%	3%
Grunnnám í háskóla	241	166	18%	2,4%	18%
Meistaránám í háskóla	128	93	10%	1,9%	10%
Doktorsnám	13	7	1%	0,6%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>947</b>	<b>945</b>	<b>100%</b>		
Svarar ekki	32	32			
<b>Alls</b>	<b>979</b>	<b>977</b>			

Í greiningu niðurstaðna er menntun skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Starfsnám* og *Iðnnám* eru sameinaðir undir heitinu *Verklegt nám á framhaldsskólastigi* og allt nám á háskólastigi er sameinað undir heitinu *Háskólanám*.

**Tafla 7. Hver er staða þín á vinnumarkaði?**

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrrir vigtun	eftir vigtun			
Í launuðu starfi	546	513	54%	3,2%	54%
Sjálfstætt starfandi	69	66	7%	1,6%	7%
Atvinnurekandi	37	34	4%	1,2%	4%
Í námi	95	119	13%	2,1%	13%
Á eftirlaunum	123	126	13%	2,2%	13%
Öryrki	37	42	4%	1,3%	4%
Atvinnuleitandi	13	20	2%	0,9%	2%
Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi	8	8	1%	0,6%	1%
Heimavinnandi	9	9	1%	0,6%	1%
Annað	11	10	1%	0,7%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>948</b>	<b>946</b>	<b>100%</b>		
Svarar ekki	31	31			
<b>Alls</b>	<b>979</b>	<b>977</b>			

Í greiningu niðurstaðna er stöðu á vinnumarkaði skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Sjálfstætt starfandi* og *Atvinnurekandi* eru sameinaðir og flokkarnir *Á eftirlaunum*, *Öryrki*, *Atvinnuleitandi*, *Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi*, *Heimavinnandi* og *Annað* eru sameinaðir undir heitinu *Annað*.



**Tafla 8. Undir hvern af eftirfarandi flokkum fellur aðalstarf þitt?**

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	eftir vigtun			
Sérfræðingar með háskólapróf	206	152	28%	3,7%	28%
Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk	98	114	21%	3,4%	21%
Stjórnendur, kjörnir fulltrúar og æðstu embættismenn	78	68	12%	2,7%	12%
Iðnaðarmenn og sérhæft iðnverka fólk	64	64	12%	2,7%	12%
Skrifstofufólk	54	59	11%	2,6%	11%
Tæknar og sérmenntað starfsfólk	49	45	8%	2,3%	8%
Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk	17	23	4%	1,7%	4%
Ósérhæft starfsfólk	14	16	3%	1,4%	3%
Bændur og fiskimenn	13	11	2%	1,2%	2%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>593</b>	<b>552</b>	<b>100%</b>		
Ekki í starfi	296	334			
Svarar ekki	90	92			
<b>Alls</b>	<b>979</b>	<b>977</b>			

Í greiningu niðurstaðna er starfi skipt í fjóra flokka þar sem flokkarnir *Stjórnendur* og *Sérfræðingar* eru sameinaðir, flokkarnir *Tæknar* og *Iðnaðarmenn* eru sameinaðir, flokkarnir *Skrifstofufólk* og *Þjónustu-, umönnunar-, sölu- og afgreiðslufólk* eru sameinaðir og flokkarnir *Bændur og fiskimenn*, *Bílstjórar, véla- og vélgæslufólk* og *Ósérhæft starfsfólk* eru sameinaðir.

**Tafla 9. Hverjar eru heildartekjur þínar að jafnaði á mánuði fyrir skatt?**

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	eftir vigtun			
200 þús. kr. eða lægri	142	177	22%	2,9%	22%
201-300 þús. kr.	151	161	20%	2,8%	20%
301-400 þús. kr.	182	168	21%	2,8%	21%
401-500 þús. kr.	125	111	14%	2,4%	14%
501-600 þús. kr.	85	76	10%	2,0%	10%
601-700 þús. kr.	57	47	6%	1,6%	6%
701-900 þús. kr.	50	40	5%	1,5%	5%
901 þús.-1,1 milljón kr.	8	7	1%	0,6%	1%
>1,1-1,4 milljón kr.	5	3	0%	0,4%	0%
Yfir 1,4 milljón kr.	6	5	1%	0,5%	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>811</b>	<b>794</b>	<b>100%</b>		
Svarar ekki	168	182			
<b>Alls</b>	<b>979</b>	<b>977</b>			

Í greiningu niðurstaðna er einstaklingstekjum skipt í fimm flokka þar sem flokkarnir *401-500 þús. kr.* og *501-600 þús. kr.* eru sameinaðir og allir flokkar yfir 600 þús. kr. eru sameinaðir undir heitinu *Hærrí en 600 þús. kr.*

Þegar greint er eftir stjórnmalaskoðun er byggt á svörum þátttakenda við þremur spurningum. Fyrst voru þátttakendur spurðir hvaða flokk eða lista þeir myndu kjósa ef alþingiskosningar væru haldnar á morgun. Óákveðnir svarendur voru síðan spurðir áfram að því hvaða flokk eða lista þeir teldu líklegast að þeir myndu kjósa ef gengið yrði til kosninga á morgun. Ef svarendur voru ennþá óákveðnir voru þeir spurðir hvort þeir teldu líklega að þeir myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða einhvern annan flokk eða lista.

Næst var svarendum, sem svöruðu þriðju spurningunni þannig að þeir myndu líklega kjósa einhvern annan flokk eða lista en Sjálfstæðisflokkinn, skipt á milli annarra flokka og valmöguleikanna „myndi skila auðu eða ógildu“ eða „myndi ekki kjósa“ í sömu innbyrðis hlutföllum og fengust við tveimur fyrri spurningunum.

Þessi aðferðafræði var þróuð þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur gjarnan fengið minna fylgi í kosningum heldur en mælst hefur í könnunum þar sem notast er við eina spurningu um hvaða lista eða flokk svarendur myndu kjósa. Með því að nota þessar þrjár spurningar er leitast við að minnka þann mun sem vill oft koma fram milli kannana og endanlegrar niðurstöðu í kosningum. Hér eru sýndar niðurstöður þegar búið er að leggja saman niðurstöður þessara þriggja spurninga.

**Tafla 10. Ef alþingiskosningar væru haldnar á morgun, hvaða flokk eða lista myndir þú kjósa? (Samanlögð svör við þremur spurningum)**

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	eftir vigtun			
Sjálfstæðisflokkinn (D-listi)	187	181	23,2%	3,4%	23%
Samfylkinguna (S-listi)	149	154	19,7%	3,1%	20%
Framsóknarflokkinn (B-listi)	109	115	14,8%	2,7%	15%
Vinstrihreyfinguna - grænt framboð (V-listi)	118	113	14,5%	2,7%	15%
Bjarta framtíð (A-listi)	106	97	12,4%	2,5%	12%
Pírata (P-listi)	54	66	8,5%	2,0%	8%
Dögum (T-listi)	23	18	2,3%	1,1%	2%
Hægri græna (G-listi)	10	10	1,3%	0,8%	1%
Flokk heimilanna (I-listi)	9	8	1,1%	0,7%	1%
Lýðræðisvaktina (L-listi)	8	6	0,8%	0,6%	1%
Regnbogann (J-listi)	6	5	0,7%	0,6%	1%
Húmanistaflokkinn (H-listi)	5	5	0,6%	0,5%	1%
Sturlu Jónsson (K-listi)	1	1	0,2%	0,3%	0%
Landsbyggðarflokkinn (M-listi)	0	0	0,0%	0,0%	0%
Alþýðufylkinguna (R-listi)	0	0	0,0%	0,0%	0%
Annar flokk eða lista	1	1	0,1%	0,2%	0%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>786</b>	<b>780</b>	<b>100%</b>		
Myndi ekki kjósa	32	35			
Myndi skila auðu eða ógildu	52	54			
Veit ekki	49	49			
Svarar ekki	60	60			
<b>Alls</b>	<b>979</b>	<b>978</b>			

Í greiningu niðurstaðna er unnið með stjórnmalaflokka í sjö flokkum þar sem Björt framtíð, Framsóknarflokkurinn, Píratar, Sjálfstæðisflokkurinn, Samfylkingin og Vinstrihreyfingin - grænt framboð eru notaðir en aðrir flokkar eru sameinaðir undir undir heitinu Annar flokkur eða framboð.

**Tafla 11. Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Matvælastofnunar (MAST) (2013)?**

**Kynningartexti sem fylgdi spurningunni (2013):**

*Matvælastofnun (MAST) sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.*

	Fjöldi		Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
	fyrir vigtun	eftir vigtun			
Mjög mikið	45	39	5%	1,3%	5%
Frekar mikið	297	305	34%	3,7%	34%
Hvorki mikið né lítið	404	403	46%	4,2%	46%
Frekar lítið	89	92	10%	2,0%	10%
Mjög lítið	47	38	5%	1,3%	5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>882</b>	<b>876</b>	<b>100%</b>		
Veit ekki	93	97			
Vil ekki svara	4	3			
<b>Alls</b>	<b>979</b>	<b>977</b>			

Niðurstöðurnar eru bornar saman við könnun frá árinu 2011 þar sem svarendur voru spurðir sömu spurningar (sjá töflu 12 og töflu 14).

**Tafla 12. Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Matvælastofnunar (2011)?**

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk		Hlutfall
			+/-	Hlutfall	
Mjög mikið	68	13%	2,8%		13%
Frekar mikið	253	47%	4,2%		47%
Hvorki mikið né lítið	128	24%	3,6%		24%
Frekar lítið	63	12%	2,7%		12%
Mjög lítið	27	5%	1,8%		5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>539</b>	<b>100%</b>			
Vil ekki svara	80				
Veit ekki	121				
<b>Alls</b>	<b>740</b>				

Tafla 13. Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Matvælastofnunar (2013)? – Bakgrunnsgreining

	Hvorki mikið né				Fjöldi eftir		Fjöldi fyrir		Hlutfall mjög/frekar mikið
	Mjög mikið	Frekar mikið	Lítið	Frekar lítið	Mjög lítið	vigtun	vigtun		
<b>Heild</b>	5%	34%	46%	10%	5%	882	882	39%	
<b>Kyn**</b>									
Karl	6%	32%	42%	12%	7%	442	442	38%	
Kona	4%	35%	49%	8%	4%	440	440	39%	
<b>Aldur</b>									
18-29 ára	6%	43%	39%	8%	4%	131	131	49%	
30-44 ára	6%	31%	49%	9%	5%	253	253	37%	
45-59 ára	5%	31%	47%	11%	6%	259	259	35%	
60 ára og eldri	4%	35%	44%	11%	6%	239	239	39%	
<b>Búseta</b>									
Höfuðborgarsvæði	5%	35%	46%	9%	5%	558	558	40%	
Landsbyggð	6%	31%	46%	11%	5%	324	324	37%	
<b>Hjúskaparstaða</b>									
Einhleyp(ur)	5%	38%	44%	8%	6%	105	105	43%	
Í sambúð	5%	30%	47%	13%	5%	171	171	35%	
Í hjónabandi/staðfestri samvist	6%	35%	45%	10%	5%	500	500	41%	
Skilin(n) eða ekkil/ekkjja	3%	33%	51%	9%	5%	80	80	35%	
<b>Börn á heimili*</b>									
Engin börn á heimilinu	4%	36%	44%	10%	7%	484	484	39%	
Börn á heimilinu	6%	31%	49%	10%	3%	379	379	38%	
<b>Menntun*</b>									
Grunnskólanám	1%	30%	54%	12%	3%	124	124	31%	
Verklegt nám á framhaldsskólastigi	7%	31%	46%	13%	3%	192	192	38%	
Bóklegt nám á framhaldsskólastigi	4%	42%	41%	7%	7%	148	148	46%	
Háskólanám	6%	34%	45%	9%	6%	390	390	40%	
<b>Staða á vinnumarkaði</b>									
Í launuðu starfi	5%	32%	48%	10%	5%	492	492	37%	
Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi	7%	34%	36%	15%	7%	97	97	41%	
Í námi	8%	43%	39%	5%	5%	84	84	51%	
Annað	3%	34%	49%	9%	5%	185	185	37%	
<b>Starfsstétt</b>									
Stjómendur og sérfræðingar	6%	36%	43%	10%	6%	261	261	42%	
Iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntað	6%	32%	48%	8%	5%	97	97	38%	
Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk	3%	28%	57%	11%	1%	138	138	31%	
Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk	5%	36%	38%	14%	7%	42	42	40%	
<b>Tekjur einstaklings</b>									
Lægri en 200 þús. kr.	7%	37%	40%	10%	6%	124	124	44%	
201-300 þús. kr.	4%	35%	46%	9%	6%	136	136	39%	
301-400 þús. kr.	7%	34%	46%	9%	4%	170	170	41%	
401-600 þús. kr.	7%	35%	43%	13%	3%	188	188	41%	
Hærrí en 600 þús. kr.	0%	33%	44%	11%	11%	115	115	33%	
<b>Flokkur ef kosið yrði á morgun</b>									
Björt framtíð	4%	40%	45%	5%	6%	80	80	44%	
Framsóknarflokkur	7%	41%	37%	9%	7%	91	91	47%	
Sjálfstæðisflokkur	3%	31%	46%	14%	6%	169	169	34%	
Samfylkingin	6%	36%	40%	13%	6%	125	125	42%	
Vinstrihreyfingin - grænt framboð	9%	44%	38%	8%	1%	98	98	53%	
Annar flokkur eða framboð	6%	28%	50%	10%	6%	243	243	34%	

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0,05$ , \*\* $p < 0,01$ , \*\*\* $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 14. Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Matvælastofnunar (2011)? – Bakgrunnsgreining


	Hvorki mikið					Fjöldi svara	Hlutfall mjög/frekar mikið
	Mjög mikið	Frekar mikið	né lítið	Frekar lítið	Mjög lítið		
<b>Heild</b>	13%	47%	24%	12%	5%	539	60%
<b>Kyn*</b>							
Karl	14%	40%	28%	12%	7%	260	54%
Kona	11%	53%	20%	11%	4%	279	65%
<b>Aldur**</b>							
18 til 29 ára	13%	55%	24%	8%	1%	102	68%
30 til 39 ára	12%	48%	31%	5%	4%	98	60%
40 til 49 ára	14%	39%	30%	11%	6%	100	53%
50 til 59 ára	17%	37%	21%	17%	8%	106	54%
60 ára og eldri	8%	54%	17%	16%	5%	133	62%
<b>Búseta</b>							
Höfuðborgarsvæði	14%	45%	24%	10%	7%	319	59%
Landsbyggð	11%	49%	24%	14%	3%	220	60%
<b>Landshlutar<sup>6g</sup></b>							
Höfuðborgarsvæði	14%	46%	24%	10%	6%	318	59%
Suðurnes	6%	41%	35%	15%	3%	34	47%
Vesturland	17%	39%	22%	20%	2%	41	56%
Vestfirðir	0%	58%	25%	17%	0%	12	58%
Norðurland vestra	13%	25%	25%	38%	0%	8	38%
Norðurland eystra	4%	65%	22%	8%	2%	51	69%
Austurland	9%	48%	22%	22%	0%	23	57%
Suðurland	19%	48%	19%	6%	8%	52	67%
<b>Menntun</b>							
Grunnskólapróf	14%	53%	20%	10%	3%	147	67%
Framhaldsskólapróf	10%	43%	25%	16%	6%	209	53%
Háskólapróf	14%	47%	25%	8%	6%	181	61%
<b>Starfsstétt</b>							
Stjórnendur og sérfræðingar	14%	45%	25%	9%	7%	132	59%
Sérhæft starfsfólk eða tæknar	19%	34%	28%	13%	4%	67	54%
Skrifstofu-, sölu- eða þjónustufólk	9%	52%	28%	9%	3%	116	60%
Bændur, sjómenn, véla- og verkafólk	11%	39%	28%	16%	6%	64	50%
<b>Tekjur</b>							
Lægrí en 200 þús. kr.	14%	49%	20%	14%	9%	117	62%
200-349 þús. kr.	14%	46%	23%	11%	13%	122	60%
350-499 þús. kr.	13%	51%	23%	12%	3%	69	64%
500 þús. kr. og hæri	19%	39%	32%	4%	13%	79	58%
<b>Flokkur</b>							
Framsóknarflokkurinn	13%	60%	17%	7%	3%	30	73%
Sjálfstæðisflokkurinn	13%	51%	20%	10%	6%	103	64%
Samfylkingin	5%	56%	15%	18%	5%	39	61%
Vinstri hreyfingin - Grænt framboð	12%	58%	12%	15%	4%	26	70%
Veit ekki/myndi ekki kjósa/myndi skila auðu/ógildu	14%	43%	26%	13%	5%	272	57%
<b>Hjúskaparstaða<sup>6g</sup></b>							
Gift/kvæntur	13%	46%	22%	13%	6%	274	59%
Í sambúð	9%	48%	31%	8%	4%	115	57%
Einhleyp(ur)	16%	46%	23%	11%	5%	109	61%
Fráskilin(n)	15%	52%	19%	15%	0%	27	67%
Ekkja/ekkill	15%	54%	8%	15%	8%	13	69%

Marktækur munur er á hópum; \*p < 0.05, \*\*p < 0.01, \*\*\*p < 0.001,

<sup>6g</sup> merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktækisprófs.


0% 25% 50% 75% 100%

Árið 2011 báru 60% svarenda mjög eða frekar mikið traust til MAST samanborið við 39% árið 2013. Hlutfallslega fleiri voru hlutlausir í afstöðu sinni árið 2013, en tæplega helmingur svarenda sagðist bera hvorki lítið né mikið traust til MAST í ár samanborið við fjórðung svarenda árið 2011 (sjá mynd 1a).



**Mynd 1a. Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Matvælastofnunar? Samanburður 2011 og 2013**

Horfa verður til þess að árið 2013 var spurningin lögð fyrir í netkönnun ásamt stuttum kynningartexta þar sem hlutverk Matvælastofnunar var útlistað, en árið 2011 var spurningin lögð fyrir í símakönnun án kynningartexta. Þetta getur haft áhrif á samanburðinn. Fólk er til að mynda almennt líklegra til að merkja við „vil ekki svara“ í símakönnun en í netkönnun og almennt líklegra til að merkja við „hvorki mikið né lítið“ í netkönnun en í símakönnun. Á mynd 1b eru þeir sem bera mjög eða frekar lítið traust til MAST bornir saman við þá sem treysta stofnuninni mjög eða frekar mikið og þá sem eru hlutlausir í afstöðu sinni. Svarmöguleikarnir *mjög eða frekar mikið* og *hvorki mikið né lítið* voru sameinaðir annars vegar og *mjög eða frekar lítið* hins vegar.



**Mynd 1b. Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Matvælastofnunar? Samanburður 2011 og 2013**